



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**49. fundur eigendafundar Strætó bs.  
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 1. júlí 2024  
og hófst hann kl. 13:15.**

**Fundinn sátu:**

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs., Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Berglind Snorradóttir.

**Fundargerð ritaði:** Berglind Snorradóttir, starfsmaður skrifstofu SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2023-2027 - 2108006**

Á 48. eigendafundi Strætó bs. var eftirfarandi bókað: "Stjórn Strætó bs. er falið að kynna fyrir byggðaráðum aðildarsveitarfélaganna stöðu mála og að koma muni til kostnaðarauka vegna yfirstandandi árs. Sú kynning fari fram á næstu dögum.

Þegar endanlegar niðurstöður samkeppnisviðræðna liggja fyrir, væntanlega í fyrri hluta maímánuðar verði viðauki við fjárhagsáætlun Strætó bs. 2024 lagður fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.

Hvað varðar fjárhagsáætlun ársins 2025 þá felur eigendavettvangur stjórn Strætó að leita leiða til að lágmarka viðbótarfjármagnspörf frá eigendum með því að skoða möguleika á m.a. hagræðingu og gjaldskrárbreytingum og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta fund eigendavettvangs."

Niðurstaða útboðs liggur nú fyrir.

Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. kynnir næstu skref málsins.

**Niðurstaða:**

*Erindi frá Strætó bs. um aukið framlag ársins 2024, er varðar það útboð sem fram fór sl. vetur verður sent aðildarsveitarfélögum fljótlega.*

*Lagt fram til kynningar*

**2. Strætó - Rekstrarleiga á almenningsvögnum - 2406007**

Umræða og tillaga Strætó bs. er varðar rekstrarleigu á almenningsvögnum skv. meðfylgjandi kynningu.

Jóhannes Svavar Rúnarsson kynnir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Gestir**

Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

**Niðurstaða:**

*Eigendavettvangur samþykkir fyrir sitt leyti að heimila Strætó bs. að bjóða út rekstrarleigu á allt að tíu vögnum til fjögurra ára, enda hafi það ekki áhrif á fyrirliggjandi fjárhagsáætlanir.*

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.**